

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 15 17. febrúar 1959, um breyting á reglugerð nr. 180 16. september 1952, um Ráðningarstofu Reykjavíkurbæjar.

1. gr.

2. tl. 1. gr. reglugerðarinnar falli niður og breytist greinin samkvæmt því.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt 2. gr. laga nr. 52 9. apríl 1956, um vinnumiðlun, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. marz 1962.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Jón S. Ólafsson.

AUGLÝSING

um flokkun á kartöflum.

Tilraunaráð jarðræktar hefur samkvæmt ákvæðum 14. gr. reglugerðar nr. 96 16. júlí 1956, um Grænmetisverzlun landbúnaðarins og mat og flokkun á garðávöxtum, ákveðið að kartöflum skuli skipað í flokka, sem hér segir:

Úrvalsflokkur:

Gullauga.

Rauðar, íslenzkar.

Möndlukartöflur.

1. flokkur:

Rya.

Bintje.

Eigenheimer.

Alpha.

Dir. Johannson.

Ackersegen (Akurblessun).

Duke of York.

Gular, íslenzkar.

King Edward.

Júli.

Pontiac.

Furore.